

Latína í 5. bekk nýmáladeildar (LATÍ2FO06)

skólaárið 2023 – 2024

Lýsing

Kenndar eru þrjár stundir í viku. Helstu atriði beyginga- og setningafræðinnar eru útskýrð og æfð. Meðalþungir kennslubókartextar í samfelldu máli eru lesnir, þýddir og greindir málfræðilega og útskýrðir efnislega. Tengsl latneskra orðstofna við nýmálin eru rædd og fjallað er um menningu og sögu Rómverja í tengslum við lestexta.

Námsefni

- 1) Latnesk málfræði og lesbók eftir Kristin Ármannsson
- 2) Ítarefni og textar frá kennara.

Námsmat

Tvö kaflapróf eða skilaverkefni verða á hvoru misseri. Dagsetning ákveðin í samráði við nemendur. Engin hjálpargögn leyfð.

Jólapróf í desember úr námsefni haustmisseris. Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.

Stúdentspróf

Árseinkunn (50% af lokaeykunn) byggir á fjórum þáttum:

- a) meðaltali kaflaprófa og skilaverkefna (40%),
- b) ástundun (35%) (mætingareinkunn skv. Skólareglum, heimavinnu og virkni í tímum),
- c) jólaprófseinkunn (25%).

Skriflegt stúdentspróf (50% af lokaeykunn) (3 klukkustundir) í maí úr námsefni alls vetrarins. Engin hjálpargögn leyfð.